



180 Rekstrarstöðvunartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Það sem vátryggingin bætir.

- 1.1 Vátryggingin tekur til tjóns er vátryggingartaki verður fyrir vegna samdráttar í vörusölu eða þjónustu af völdum atburðar er bruna-, vatnstjóns- eða innbrotspjófnaðartrygging vátryggingartaka nær til.
- 1.2 Greiðsluskylda félagsins takmarkast þó við rekstartjón sem verður með þessum hætti á því tímabili sem getið er á vátryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittuninni (bótatíma).
- 1.3 Auk þess tekur vátryggingin til tjóns sem vátryggingartaki verður fyrir á sama tímabili af völdum nauðsynlegs aukakostnaðar er beinlínis verður rakinn til þess að atvinnuhúsnæði hans verður ekki notað sökum tjóns á hinu vátryggða lausafé eða húsi sem lausaféð er geymt í.
- 1.4 Slíkur aukakostnaður er háður samþykki félagsins hverju sinni, bæði að því er varðar fjárhæð og eðli útgjalda.

2. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

- 2.1 Vátryggingin tekur ekki til aukins rekstartjóns vegna verkfalls, verkbanns, vélarbilunar eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.
- 2.2 Vátryggingin tekur heldur ekki til ábyrgðar vegna taps eða tjóns, sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja. Undanþága þessi á við allar dagsetningar, hvort sem þær tengjast aldamótum eða öðrum tíma. Með “**dagsetningu**” er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tímasetningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja. Með “**búnaði**” er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra ápreiðna hluti eða hóp hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. (þar með talið) en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi, þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur. Með “**kerfi**” er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þess og hvers konar miðil fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða annars óápreiðna eða ápreiðna. **Undanþága þessi nær ekki til tjóns, sem stafar af bruna, sprengingu, hrapi, þjófnaði eða vatnsskaða.**
- 2.3 Þá tekur vátryggingin ekki til tjóns af völdum hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.

3. Bótatími.

- 3.1 Bótatími er tilgreindur á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

4. Bótaákvörðun.

- 4.1 Félagið bætir þann mismun sem verður á bótatímanum á eftirfarandi:
 - a. áætlaðri veltu að frádreginni áætlaðri notkun aðkeyþtra verslunarvara til endursölu og/eða hráefna og hálfunninna vara,
 - b. raunverulegri veltu að frádreginni raunverulegri notkun vara.
- 4.2 Með veltu í 1. mgr. (málgrein) er átt við sölu skv. (samkvæmt) reikningum að frádregnum virðisaukaskatti en afsláttur eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum kemur ekki til frádráttar.

5. Uppgjör tjóns.

- 5.1 Frá bótafjárhæð, sem fundin hefur verið skv. 4. gr. (grein), dregst sá kostnaður sem vátryggingartaki getur sparað sér, þ. á m. (þar á meðal) laun er hann kemst hjá að greiða með því að segja upp starfsmönnum.
- 5.2 Hámarksbótaskylda félagsins takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er fyrir rekstartjón í vátryggingarskírteininu. Vátryggingartaki á aldrei rétt á hærri bótum eða fyrir lengri tíma en með þarf til þess að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin nær til.
- 5.3 Sé vátryggt undir verði (undirtryggt) lækka bætur fyrir rekstrarstöðvun í sama hlutfalli.



180 Rekstrarstöðvunartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 5.4 Þegar tjón hefur orðið er váttryggður skyldur til, að svo miklu leyti sem honum er kleift, að takmarka rekstrartjón sitt og draga úr afleiðingum þess.
- 5.5 Váttryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstrartap eða draga úr því.

6. Varanleg rekstrarstöðvun.

- 6.1 Hefjist atvinnurekstur váttryggingartaka ekki aftur eftir váttryggingaratburð miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til reksturinn gæti hafist aftur en þó aldrei lengri tíma en tilgreindur er á skírteininu.
- 6.2 Af þeirri fjárhæð sem þannig er fundin greiðist einungis sá hluti er telja má til óhjákvæmilegs kostnaðar sem váttryggingartaki getur sannað að hann hafi lagt í.
- 6.3 Hafi reksturinn stöðvast varanlega af orsökum sem váttryggingartaki ræður ekki við greiðast bætur án tillits til ákvæðis 2. mgr.

7. Vísun til skilmála og laga um váttryggingarsamninga.

- 7.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann skilmálar félagsins fyrir bruna-, vatnstjóns- og innbrotspjófnáðartryggingu lausafjár og lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

SKILDAGAR.

Nr. 4. Aukakostnaðartrygging.

Váttrygging samkvæmt skildaga þessum er eingöngu aukakostnaðartrygging. Í stað skilmála fyrir rekstrarstöðvunartryggingu gilda eftirfarandi skilmálar fyrir trygginguna:

Váttryggingin greiðir einungis sannanlegan og óhjákvæmilegan aukakostnað, sem váttryggður verður fyrir ef atvinnuhúsnæði hans verður ekki notað sökum bótaskylds tjóns í bruna-, innbrotss- eða vatnstjónstryggingu. Sá aukakostnaður, sem bótaskyldur er, takmarkast við þann kostnað, sem fram kemur í sundurliðun á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Leita skal samþykkis félagsins fyrir greiðslu kostnaðar áður en lagt er út í hann.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.